

### 31. Frumvarp

til laga um sildarmat.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

#### 1. gr.

Skoðun og mat skal fara fram á allri nýveiddri sild, sem ætluð er til útflutnings, hversu sem hún er veidd, ef hún er söltuð eða kryddsöltuð hjer á landi eða hjer við land.

Skoðun þessa og mat framkvæma lögskipaðir matsmenn undir umsjón yfirmatsmanna og skal söltun sildarinnar fara fram undir eftirliti þeirra.

Nú hamlar veður veiðiskipi að koma afla sínum óskemdum á ákvörðunarstað, eða veiði er svo litil, að skipstjóri telur ekki svara kostnaði að flytja aflann til hafnar, og má þá kverka sildina og salta í skipinu í lagarheldar tunnur um stuttan tíma, en taka skal sild þessa úr tunnunum þegar í stað er hún er komin þangað sem matsmaður er fyrir, og skal umsalta hana alla að nýju undir eftirliti matsmanns.

Öll sild, sem söltuð er til útflutnings í lagarheldar tunnur, skal vera undir eftirliti matsmanns frá því hún kemur að landi og til þess er hún er flutt út, nema hún sje bituð smátt eða meðfarin á sjerstaka iðnaðarvisu, alveg frábrugðna venjulegri söltun.

#### 2. gr.

Yfirmatsmenn skulu vera fjórir, skipaðir af atvinnumálaráðherra. Hefir einn þeirra aðsetur á Akureyri og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Langaness. Annar hefir aðsetur á Siglufirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Hornbjargs. Þriðji hefir aðsetur á Ísafirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Hornbjargs og Dyrhólaeyjar. Fjórdi hefir aðsetur á Seyðisfirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Langaness og Dyrhólaeyjar. Atvinnumálaráðuneytið setur þeim erindisbrjef.

Yfirmatsmenn hafa að launum hver 2000 kr. á ári og dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins. Auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður og fæðispeningar, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfa sins, eftir reikningi, sem atvinnumálaráðuneytið úrskurðar.

Laun þeirra, ferðakostnaður og fæðispeningar greiðist úr rikissjóði. Þeir fá einnig greiddan úr rikissjóði nauðsynlegan simakostnað vegna sildarmatsstarfa.

Undirmatsmenn skipar lögreglustjóri eftir tillögum yfirmatsmanna og svo marga sem þörf þykir. Atvinnumálaráðuneytið setur þeim erindisbrjef, en yfirmatsmenn ákveða starfssvið þeirra og skulu þeir hlýðafyrirskipunum yfirmatsmanna í hvivetna. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn og greiðir það sildareigandi, en sá er sildina verkar ber ábyrgð á greiðslunni.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

### 3. gr.

Áður en sildveiðaskip fer á veiðar skal skipstjóri afla sjer eyðublaða undir skýrslur um veiði sína. Ráðuneytið gefur út eyðublöð þessi og skulu yfirmatsmenn sjá um að hvert sildveiðaskip geti fengið hæfilega mörg. Ber skipstjóra að fylla út eyðublöðin og tilgreina á þeim mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að innbyrða veiðina og hve mikil hún er í hvert skifti. Skýrslur þessar skulu síðan afhentar matsmanni sildarinnar, áður en byrjað er að salta hana. Vanræki skipstjóri að útfylla skýrslur þessar, má ekki salta sildina til útflutnings í lagarheldar tunnur.

Nú gefur skipstjóri ranga skýrslu um hve gömul sildin er þegar hann kemur með hana til söltunar, og varðar það sektum samkvæmt 10. gr.

### 4. gr.

Nú kemur sildveiðaskip að landi með nýja sild, og skal þá flytja hana þangað, sem matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra þegar að tilkynna honum komu sína, og má eigi byrja á söltun sildarinnar fyrir en matsmaður hefir skoðað hana.

Meðan á söltun stendur, ber matsmanni að gæta þess vandlega að sildin sje nákvæmlega flokkuð eftir veiðiaðferð, stærð og gæðum, samkvæmt reglum sem atvinnuáráðuneytið setur þar um, sömuleiðis að öllum mögrum og skemdum sildum verði kastað frá. Nú gætir einhver, sem að verkun vinnur ekki fyrirskipana matsmanns, eða sýnir óvandvirkni í starfi sínu, og getur matsmaður þá krafist þess að honum sje vikið frá starfinu um tiltekinn tíma.

Atvinnuáráðuneytið getur ákveðið hvaða salttegundir megi nota í síld til útflutnings og hversu mikið það skuli vera í hverja tunnu í minsta lagi.

### 5. gr.

Undir matsskylda sild má einungis nota nýjar, hreinar og ógallaðar tunnur, enda sjeu þær úr góðu efni og vel smiðaðar. Getur matsmaður bannað að láta salta í þær tunnur, sem hann telur til þess óhæfar.

Að söltun lokinni skulu tunnurnar geymdar á góðum þurrum stað, og á svo góðum undirlögum, að þær liggi hvergi við jörð eða í blöyту.

Gamlar eða notaðar sildartunnur má ekki flytja til landsins til notkunar undir sild til útflutnings.

### 6. gr.

Nú hefir sildarmatsmaður grun um, að sild hafi skemst eftir söltun, af sólarhita eða öðrum ástæðum, eða að í henni sje mikil áta, og skal hann þá tilkynna það yfirmatsmanni, sem lætur nákvæma skoðun fara fram á hinni grunsömu sild.

### 7. gr.

Nú vill eigandi eða umráðamaður sildar senda hana til útlanda og skal hann þá tilkynna það yfirmatsmanni svo tímanlega, að hann geti látið fara fram frekari skoðun á sildinni áður en hún er flutt í skip, ef hann telur

þess þörf, og skal slík skoðun jafnan fara fram á allri sendingunni, ef sildin hefir ekki verið flutt út innan þriggja vikna frá því hún var söltuð.

8. gr.

Allri sild, sem send er hjeðan á erlendan markað, skal fylgja matsvottorð yfirsildarmatsmanns, eða þess matsmanns, sem hann kann að veita umboð til að gefa út slíkt vottorð, ef hann, einhverra orsaka vegna, getur ekki verið viðstaddur, þegar vottorð þarf að gefa. Matsvottorð þetta skal rita á farmskirteini þau, er fylgja hverri sildarsendingu. Í vottorðinu skal það tekið fram, að ferðing skipsins hafi farið fram undir eftirliti matsmanns, enda getur hann stöðvað ferðinguna, ef ekki er í hvívetna farið eftir fyrirskipunum hans um umbúnað og frágang sildarinnar í skipinu. Atvinnumálaráðuneytið gefur út fyrirmynd að farmskirteini með árituðu matsvottorði.

Lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra skulu hver í sínu umdæmi sjá um það, að sildarfarmskirteini sjeu rituð á fyrirskipuð eyðublöð og fylgi matsvottorð hverri sildarsendingu sem þeir afgreiða, enda votti þeir undirskrift hlutaðeigandi matsmanns á farmskirteinið.

9. gr.

Alla matsskylda sild, sem út er flutt, skal merkja með lögskipuðu merki, sem nánar verður ákveðið af atvinnumálaráðuneytinu. Skal það málað á efri botn hvarrar tunnu. Ennfremur skal setja í þar til ætlaða reiti söltunardag, merki er tilgreini veiðiaðferð, gæðamerki og flokkunarmerki sildar eftir stærð, sbr. 4. gr. Ennfremur neðan undir merkjunum einkennisstafi þess er sildina verkar og útflytjanda hennar.

Kryddsöltuð sild skal auk rikismerkisins aðeins merkt með orðinu »Kryddsild« og merki þess er verkar hana.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100–5000 kr. sektum er renna í rikissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 56, 28. nóv. 1919 um skoðun á sild.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem atvinnumálaráðherra skipaði 27. desember 1926, til þess að athuga sildarmatið og koma fram með tillögum um breytingar á því, ef nefndinni þætti þurfa. Í nefnd þessari voru Kristján Bergsson,

formaður Fiskifjelags Íslands, Jón Bergsveinsson yfirsíldarmatsmaður, Haukur Thors framkvæmdastjóri og Vigfús Einarsson skrifstofustjóri í atvinnuáráðuneytinu. Hafa þeir látið frumvarpinu fylgja athugasemdir þær, sem hjer fara á eftir:

Frumvarp þetta gerir mikla breytingu á síldarmatinu frá því sem verið hefir undanfarið. Að vísu hefir verið skylda að skoða alla nýveidda síld, sem ætluð er til útflutnings, en eftir þessu frumvarpi er ætlast til að síldin verði ekki að eins skoðuð, til þess að forðast að söltuð verði niður til útflutnings skemd vara, heldur einnig að öll útflutningssíld verði flokkuð eftir stærð og gæðum, í því liggur aðalmunurinn frá þeirri síldarskoðun sem nú á sjer stað, en það má ætla að þessi flokkun, ef framkvæmd verður vel og vandlega, hljóti að geta haft mjög mikla þýðingu fyrir síldarmarkaðinn. Eins og að líkindum ræður, getur ekki hjá því farið að slík flokkun hafi talsverðan kostnað í för með sjer og tefji nokkuð söltunina, sem getur verið bagalegt, þegar mjög mikið berst að í einu af síld, en við því verður ekki gert, ef matið á að verða að nokkrum notum. Enda þótt fiskimatið hafi taisverðan kostnað, fyrirhöfn og verkatöf í för með sjer, mun þó enginn neita því nú, að það hafi reynst gagnlegt fyrir fiskframleiðendur og aukið álit íslensks saltfiskjar á erlendum markaði. Svo mundi og sennilega verða um síldarmatið, ef það yrði framkvæmt jafn vandlega og fiskimatið er nú, en að því ber að stefna. Mundi þá að líkindum verða hægt að selja síldina eftir matsvottorði, eins og nú er gert með saltfiskinn, en eins og nú stendur er þetta ekki hægt, vegna þess hve litla trú kaupendur hafa á matinu og vegna þess að síldin er ekkert aðgreind.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram það sem hjer segir.

#### Um 1. gr.

Það er breyting frá því sem nú er, að kryddsíld á að skoða eins og aðra síld, sem söltuð er til útflutnings í lagarheldar tunnur, og er að eins ætlast til að undanskilin sje skoðuninni sú síld, sem skorin er niður í smábíta (Gaffelbitar), eða að öðru leyti frá henni gengið á alt annan hátt en saltaðri síld.

#### Um 2. gr.

Yfirmatsumdæmin eru þau sömu og nú eftir frumvarpinu. Að eins eru takmörk milli Austurlands og Vesturlands umdæmanna í frumvarpinu, Dyrhólaey en ekki Reykjanesstá.

Laun yfirsíldarmatsmanna eru hækkuð upp í 2000 kr. með dýrtíðaruppbót, og virðist það ekki of hátt, þar sem yfirsíldarmatsmenn verða besta tíma ársins að gefa sig alveg við síldarmatinu og geta ekki stundað aðra atvinnu. Hinn hluti ársins verður þeim því að litlu liði.

#### Um 3. gr.

Sjálfsgagt þótti að halda þessum skýrslum og virðist rjett að ganga stranglega eftir þeim.

#### Um 4. gr.

Þessi grein er ný og í aðalatriðið i þessu frumvarpi. Eftir henni á að flokka síldina um leið og hún er söltuð eftir stærð og gæðum, og eftir því hvernig hún er veidd, hvort í herpinót, reknet eða lagnet eða stauranætur, og hvers kyns kastnætur. Til þess að ekki verði alt of margir flokkar og því meiri vandi að greina síldina sundur, er búist við að stærðarflokkar sjeu 3 og gæðaflokkar einnig 3. Það hefir þó ekki þótt rjett að taka nákvæm ákvæði upp i lagafrumvarpið um sjálfa flokkunina, með því að hentugra muni að skipa því atriði með reglugerð og erindisbrjefum matsmanna, eftir því sem í reyndinni kann að þykja haganlegast og vænlegast fyrir sölu síldarinnar.

Það hefir sýnt sig að alls ekki stendur á sama hvaða salt er notað i síld og þykir því rjett að heimila ráðuneytinu að ákveða þetta, sem að sjálfsögðu yrði að eins gert i samráði við yfirsíldarmatsmenn og síldarframleiðendur.

#### Um 5. gr.

Undanfarin ár hefir oft og einatt verið saltað mikið af útflutningssíld, sjerstaklega kryddsíld, i gamlar og áður notaðar tunnur, sem iðulega hafa verið fluttar inn frá útlöndum i þessu skyni. Þetta er mjög varhugavert, þar eð síldin getur hæglega skemst i slíkum ílátum, fremur en i nýjum ógölluðum tunnum, og þykir því rjett að banna slíkt með öllu, og til frekari fullvissu einnig allan innflutning á gömlum tunnum til síldarsöltunar.

Sama sem hjer er sagt um gamlar notaðar tunnur gildir vitanlega um ónotaðar tunnur, sem skemdar eru orðnar af illri meðferð.

Það hefir vafalaust verið síldarversluninni til mikils meins undanfarið, hversu illa hefir verið farið með síldartunnurnar eftir að búid hefir verið að salta i þær, þannig að þær hafa oft verið afarilla útlitandi er á markaðinn hefir komið. Hefir því þótt rjett að setja ákvæði i frumvarpið um geymslu tunnanna, þangað til þær eru fluttar i skip.

#### Um 6. gr.

Þarf ekki skýringar.

#### Um 7. gr.

Það þykir rjett að yfirmatsmaður geti jafnan látið skoða alla síld, um leið og hún er flutt út, og það því fremur sem lengra liður milli söltunar og útflutnings. Líði 3 vikur frá því er síldin er söltuð til þess er hún er flutt út, þykir rjett að skoðuð sje hver tunna, eftir því sem yfirmatsmaður telur þurfa.

#### Um 8. gr.

Það þykir rjett og nauðsynlegt að matsvottorð sjeu eins útbúin um alla síld, sem út er flutt, og er því ákveðið að undir farmskírteini og matsvottorð um síld sjeu notuð fyrirskipuð eyðublöð, sem gerð sjeu að opinberri tilhlutun.

Um 9. gr.

Það er óefað heppilegt að sild sú sem hjeðan flyst sje merkt með þar til gerðu lögskipuðu merki, er sýni að hún hafi fengið hið lögskipaða mat, og sje í þar til gerðum reitum enn fremur tilgreindur söltunardagur, bókstafur er sýni hvernig síldin er veidd, gæðaflokksheiti og stærðarflokksheiti, svo og einkennisstafir þess, er síldina hefir verkað, og útflytjanda, til þess að hægt sje að sjá hvaðan síldin er, ef á þarf að halda.

Um 10.—12 gr.

Þurfa ekki skýringa.